

Föstudaginn 24. september 1965.

Nr. 162/1965. **Valdstjórnin**

gegn

Óla Kristjáni Jóhannssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. september þ. á., sem hingað barst 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Samkvæmt 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 getur brot varnaraðilja varðað fangelsi, en samkvæmt 2. mgr. 268. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 merkir það varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Eru þannig fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. enn fremur 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1965.

Ár 1965, laugardaginn 11. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu að Skólavörðustíg 9 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Föstudaginn 6. f. m. kom m/s Langjökull, eign Jökla h/f, hingað til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leit tollgæzlumanna í skipinu, sem stóð yfir til þriðjudags 10. s. m., fundu þeir um

3.970 flöskur af áfengi og um 130.400 vindlinga, falið víðs vegar í skipinu. Meðal annars fundu þeir smyglvarning, sem hér segir:

A) Í farmi í III. frystilest fundust 137 kassar af genever, 12 lítra flöskur í hverjum kassa, eða samtals 1644 lítrar, svo og 30.000 vindlingar. Rúm það, sem varningurinn tók, var 2 metrar á breidd, 3 metrar á lengd og 3 metrar á hæð.

B) Milli þilja í I. og IV. frystilestum fundust 764 3/4 lítra flöskur af gin, 501 eins lítra flöskur af genever svo og 10.000 vindlingar. Geymslustaðir þessir voru gerðir með því að rofin hefur verið einangrun í vegg, svo að myndaðist um 45 cm hol-rúm, þar sem varningnum var komið fyrir.

D) Milli þilja á bak við veggskáp í kortaklefa fundust 217 eins lítra flöskur af genever og 5.000 vindlingar. Komizt hefur verið í geymslustað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skápbotni.

E) Í þili á bak við áhaldaskáp í loftskeytastöðvarherbergi fundust 623 eins lítra flöskur af genever. Komizt hefur verið í stað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skáp.

K) Í þili milli fataskáps og baðherbergis í herbergi 1. stýrimanns fundust 12 3/4 lítra flöskur af whisky og 60.000 vindlingar. Varningnum hefur verið komið fyrir í stað þessum með því að taka frá krossviðarhlið í skápnnum.

Kærði, Óli Kristján Jóhannsson, Stóragerði 6, hér í borg, fæddur 6. marz 1926 í Vestmannaeyjum, var 1. stýrimaður í þessari ferð skipsins.

Hinn 11. s. m. var hann yfirheyrður bæði af rannsóknarlög-reglu og í sakadómi um málið, og viðurkenndi hann þá að eiga og hafa komið fyrir varningnum í herbergi sínu (liður K), en kvaðst alls ekki vita um, hverjir ættu annað áfengi og tóbak, sem fundizt hefði í skipinu. Sama dag var hann settur í hald og næsta dag úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald. Næst var kærði yfirheyrður 20. s. m., og hélt hann þá fast við fyrri framburð sinn. Skýrði hann frá því, að hann hefði útbúið sjálfur geymslustað varningsins í herbergi sínu og hefði það tekið hann 3 sólarhringa á frívöktum. Hann hefði opnað aðeins efri hluta geymslustaðarins í einu og sagað krossviðarhliðina í miðju. Hinn 25. s. m. var kærði enn yfirheyrður og hélt þá enn fast við fyrri framburð sinn.

Í sakadómi 27. f. m. og 1. þ. m. breytti kærði framburði sínum. Kvaðst hann þá vera ásamt Valsteini Víði Guðjónssyni 2. stýrimanni, Gísla Þórðarsyni loftskeytamanni, Guðmundi Þóri

Einarssyni bátsmanni, Kristjáni Samúel Júlíussyni háseta, Gísla Erlendi Marínóssyni háseta og Haraldi Zóphóníasi Helgasyni bryta eigandi að áfengi því, sem í A) lið greinir, og ásamt hinum 5 fyrstnefndu eigandi að áfengi því, sem var í afturþili IV. lestar, sbr. B) lið, svo og að áfengi því, sem í D) og E) liðum greinir, en af áfengi því, sem í K) lið getur, hefði hann aðeins átt 6 flöskur og 30.000 vindlinga. Samtals væri hann eigandi að 540 flöskum af genever, 96 flöskum af gin og 6 flöskum af whisky auk hinna 30.000 vindlinga.

Kærði kveðst hafa ætlað að flytja smyglvarning sinn í land hér í Reykjavík með aðstoð félaga sinna, sem áttu áfengi á sömu stöðum og hann, og hafi hann ætlað að flytja varninginn heim til sín. Hann kveðst hafa ætlað að selja hann að mestu leyti, en kaupandi hafi ekki verið ákveðinn og heldur ekkert verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups.

Gildistími gæzluvarðhalds kærða rennur út kl. 1553 í dag, og verður því að taka afstöðu til þess, hvort hann skuli nú látinn laus úr varðhaldi eða varðhaldsvist hans framlengd.

Við mat á því verður að hafa í huga eftirtalin atriði:

1) Enn er ekki fullkannaður hlutur hvers hinna sjö félaga í upphafi og við undirbúning og framkvæmd smyglsins, þar á meðal að því er varðar geymslustaði varningsins í skipinu.

2) Rannsókn á því, hvað gera átti við smyglvarninginn, ef í land hefði komið, er alls ekki lokið, þar sem ekki er unnt að svo komnu máli að leggja til grundvallar frásögn kærða um, að ekkert hafi verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups, heldur er þvert á móti ástæða til að ætla, að kaupandi eða móttakandi varningsins hafi þegar verið ákveðinn, m. a. vegna þess hve áfengismagnið var mikið og að kærði hafði ákveðið að fara út með skipinu í næstu ferð þess eftir fáeina daga.

3) Handtök og vinnubrögð kærða og félaga hans við smyglið eru til þess fallin að vekja grun um, að þau séu ekki framkvæmd af óvönum mönnum í fyrsta skipti, enda hefur kærði og tveir af félögum hans fengið sekt fyrir smygl, kærði fyrir áfengissmygl í söluskyni árið 1960. Síðan hefur hann verið í millilandasiglingum, þar af frá maí 1964 til apríl s.l. stýrimaður á m/s Vatnajökli, sem er eign sama félags og m/s Langjökull. Þykir rökstudd ástæða vera til þess að kanna líkindi þess, hvort smygl kærða og félaga hans með nefndu skipi, hafi ekki verið

framkvæmt með hlutdeild einhvers eða einhverra í landi og jafnframt verið framhald á fyrri smyglstarfsemi.

4) Því þykir rétt að kanna fjárreiður kærða og fjármála viðskipti hans við aðra menn seinustu árin, og í því skyni hafa í dag verið kveðnir upp í sakadómi úrskurðir um skyldu skatt-yfirvalda til að láta dóminum í té upplýsingar um framtöl kærða, um skyldu banka og sparisjóða til að láta dóminum í té upplýsingar um tékka, sem kunna að hafa verið gefnir út til hans eða verið framseldir af honum og þessar stofnanir hafa innleyst, svo og um skyldu póst- og símamálastjórnarinnar til að láta dóminum í té upplýsingar um símskeyti, sem kunna að hafa verið send héðan til kærða erlendis eða á hafi úti eða af honum hingað.

5) Rannsókn málsins er því nú á þeim vegi, að útiloka verður möguleika á því, að kærði geti torveldað hana, t. d. með því að hafa samband við og áhrif á mögulega kaupendur eða viðtakendur smyglvarnings, útgefendur tékka, sendendur eða móttakendur símskeyta eða með því að skjóta undan gögnum, sem brot hans varða.

Fyrir því og að öðru leyti með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála telur dómurinn rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1553.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Óla Kristjáns Jóhannssonar, framlengist um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1553.
